



750. fundur

Árið 2019, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 20. nóvember, kl. 8:00 á skrifstofu S.S.S., Skógarbraut 945, Reykjanesbæ.

Mætt eru: Einar Jón Pálsson, Kolbrún Jóna Pétursdóttir, Hjálmar Hallgrímsson, Ingþór Guðmundsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einar Jón Pálsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. **Málefni Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja – Markús Ingólfur Eiríksson forstjóri.**
Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja kom á fundin og fór yfir málefni HSS. Stjórn S.S.S. þakkar forstjóra fyrir góða kynningu.
2. **Kynning á fjárframlögum til Suðurnesja úr fjárlögum 2020.**
Framkvæmdastjóri S.S.S. fór yfir kynningarglærur sem Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur látið taka saman úr fjárlögum 2020. Niðurstaða þeirra samantektar bendir til þess að ríkisstofnanir á Suðurnesjum séu ekki að fá sinn hlut leiðréttan.
Framkvæmdastjóra falið að leita til umboðsmanns Alþingis með það að markmiði að kanna rétt íbúa á Suðurnesjum til opinberrar þjónustu með tilliti til jafnræðisreglu.
3. **Fundargerð Reykjanes Geopark nr. 53, dags. 14.10.2019.**
Lögð fram.
4. **Fundargerð Heklunnar nr. 74, dags. 11.11.2019.**
Lögð fram. Stjórn S.S.S. staðfestir starfs- og fjárhagsáætlun Heklunnar 2020.
5. **Tilnefning í skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja -frestað frá síðasta fundi.**
Stjórn S.S.S. tilnefnir Helgu Maríu Finnbjörnsdóttir sem aðalfulltrúa og Halldór Rósmund Guðjónsson til vara í skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
6. **Tilnefning í stjórn Reykjanes Unesco Geopark.**
Stjórn S.S.S. tilnefndir Berglindi Kristinsdóttur framkvæmdastjóra S.S.S. og Heklunnar í stjórn RGP.

[Handwritten signatures and initials]



**SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM**


Skógarbraut 945 · 235 Reykjanesbær · Kt. 640479-0279
Sími: 420-3288 · Netfang: sss@sss.is


7. Bréf dags. 28.10.2019 frá Félagsmálaráðuneytinu. Ósk um tilnefningu í Vinnumarkaðsráð Suðurnesja, endurskipun 2019-2023.
Stjórn S.S.S. tilnefnir Dagnýju Gísladóttur verkefnastjóra sem aðalfulltrúa í Vinnumarkaðsráði Suðurnesja og Berglind Kristinsdóttir framkvæmdstjóri til vara.
8. Bréf dags. 20.10.2019 frá Fjáreigendafélagi Grindavíkur. Ósk um stuðning vegna uppgræðslu á beitarhólfi í Krísvíkurlandi.
Stjórn S.S.S. hafnar erindinu.
9. Þjónustusamningur við MSS – samantekt á fjölda fjarnema.
Lagt fram til upplýsinga. Framkvæmdastjóra falið að bjóða forstöðumanni MSS á fund stjórnar.
10. Starfsáætlun stjórnar S.S.S. árið 2020.
Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram og leggja fyrir næsta stjórnarfund.
11. Önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:50.


Einar Jón Pálsson


Kolbrún Jóna Pétursdóttir


Hjálmar Hallgrímsson


Ingþór Guðmundsson


Berglind Kristinsdóttir